

22.4.2010

### Akkur styrkir Mænuskaðastofnun



(ýttu á myndina til að stækka)

Á myndinni eru Þorsteinn Jóhannesson ráðuneytisstjóri, formaður stjórnar Akks og Auður Guðjónsdóttir hjúkrunarfræðingur, formaður stjórnar Mænuskaðastofnunar Íslands.

Þann 21. apríl s.l. veitti Akkur, styrktar og menningarsjóður vélstjóra og vélfræðinga Mænuskaðastofnun Íslands styrk að upphæð kr: 800.000.-

Mænuskaðastofnun Íslands hefur látið þýða og talsetja sjónvarpsauglýsinguna - Lamaða strengjabrúðan - á 29 tungumál og spannar þýðingin stærstu málsvæði veraldar. Stofnunin hefur samið við the European Broadcasting Union, sem er fréttaveita, um að kynna auglýsinguna fyrir sjónvarpsstöðvum í Evrópu, Asíu og í Ameríku, ásamt því að kynna fréttainlegg um starfssemi Mænuskaðastofnunar.

Styrkurinn frá Akki mun notaður til að greiða fyrir framtakið og þakkar stjórn Mænuskaðastofnunar stjórn Akks innilega stórhuginn.